

## Aðalfundur Prentsöguseturs 18. mars 2017

Stórhöfða 31. Þrettán fundarmenn mættir.

### DAGSKRÁ

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Svavar Gestsson, fyrrum blaðamaður og ritstjóri með meiru spjallar um reynslu sína af starfi með setjurum og prenturum
7. Kosning formanns
8. Kosning fjögurra annarra stjórnarmanna og tveggja til vara
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Fulltrúar í hópi um hugmyndafræði Prentsöguseturs segja frá
11. Önnur mál.

1. Formaður setti fundinn sem er annar aðalfundur Prentsögusetursins. Hann stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra, var það samþykkt og tók Sæmundur við fundarstjórn. Hann stakk upp á Þóru Elfu sem fundarritara og var það samþykkt.
2. **Skýrsla stjórnar.** Formaður, Haukur Már, sagði sjö stjórnarfundum hafa verið haldna á árinu auk óformlegs spjalls og símtala o.s.frv. Þá fóru formaður og ritari til Hellu að sitja fund með ráðamönnum þar vegna húsnæðis sem til greina kom fyrir prentsögusetur. Einnig sátu þau fund með Þóru Björk hjá Safnaráði til glöggvunar á hvernig skrá ætti setrið svo sækja mæti um styrk og stuðning. Bakslag virðist komið í viðræður um húsnæðið á Eyrarbakka. Þar virðast áætlanir dragast á langinn og skipulagsmál enn á huldu. Haukur Már, Þórleifur og Þóra Elfa fóru á fund Hrólfs og Óla Jóns hjá Reykjavíkurborg nýverið að ræða húsnæðismál, fyrst vegna geymslu muna en síðan fyrir framtíðarstað. Þeir ætla að athuga tvo staði, Toppstöðina og Álfsnes og tala við stjórnina síðar. Einnig mun Hrólfur ræða við stjórn safna á vegum borgarinnar. Af tækjasöfnun er það að segja að mikill áhugi er fyrir að leggja setrinu eitt og annað til. Sum staðar liggja hlutir undir skemmdum, t.d. í gámi við Prentmet. Vefsvæði Prentsöguseturs er komið í notkun, Páll Svansson hefur unnið vel og fagmannlega að því máli. Þar inni má t.d. finna eyðublað til skráningar á munum setursins auk ýmislegs fróðleiks og hafa nokkrir munir þegar verið skráðir.
- 3) **Reikningar félagsins.** Endurskoðandi félagsins Simon Knight lagði fram reikningana og fór yfir helstu liði. Peningaæign í lok ársins er kr. 977.843. Reikningarnir voru bornir upp og samþykktir.
- 4) Svavar Gestsson var **gestur fundarins** og rifjaði upp skemmtilega og fróðlega hluti frá árum hans á Þjóðviljanum. Hann fór á kostum að venju og hafði meðferðis skemmtileg eintök af blaðinu og fleiri prentgripi úr blaðaútgáfu fyrri ára.
- 5) Katrín Jónsdóttir prentsmiður og Málfríður Finnbogadóttir menningarmiðlari sem eru í nefnd um **hugmyndafræði Prentsöguseturs** fluttu einstaklega skemmtilegar hugleiðingar um prentun fyrri ára, í dag og á morgun og hvernig má miðla fróðleik um iðnina, tímana, framleiðslu og fleira.

- 6) **Lagabreytingar.** Tvær breytingatillögur höfðu komið fram, annars vegar um að heimili og varnarþing félagsins verði á Selfossi en ekki hjá einstökum stjórnarmönnum og hins vegar að félagsmönnum sé óheimilt að ganga í fjárhagslega ábyrgð fyrir félagið. Voru báðar þessar tillögur samþykktar.
- 7) **Félagsgjald.** Samþykkt var að gjaldið verði óbreytt kr. 3000.
- 8) **Kjör formanns.** Ekki kom mótframboð við sitjandi formann og var Haukur Már Haraldsson klappaður í embættið.
- 9) **Fráfarandi stjórn og varastjórn** voru einnig klappaðar til áframhaldandi setu þar sem ekki komu fram mótframboð.
- 10) **Skoðunarmenn reikninga** voru einnig klappaðir til áframhaldandi starfa.

**Önnur mál** a) Heimir Br. sagði orðið afar knýjandi að fá breytingar á prentsmiðju hans því ýmislegt í umhverfinu hafi breyst. T.d. eru byggingarframkvæmdir nánast ofan í honum. En kjallari í næsta húsi gæti verið á lausu og spurning hvort þar gæti verið upplagt pláss fyrir setrið. Stjórn mun kíkja á þetta.

*Ritari: Þóra Elfa Björnsson*